

## Námsáætlun

### Danska – Veturinn 2021

Kennarar: Rasmus Steenberg Christiansen og Margrét Hrefna Ríkharðsdóttir

### Almennt / Verklag

Nemendur eru í greininni 2 klukkustundir á viku. Breytingar geti orðið á áætluninni sem við tilkynnum eins fljótt og auðið er.

Nám í dönsku miðast við hæfniviðmið Aðalnámskrá Grunnskóla, en þau eru hlustun, frásögn, lesskilningur, ritun, samskipti og menningarlausni. Viðfangsefni eru aðlöguð árgöngum út frá hæfniviðmiðum. Þannig verður stöðug framvinda hæfni frá 8. upp í 10. bekk.

Unnið er jafnt og þétt með viðfangsefni hæfniviðmiðanna yfir önnina og þreyta nemendur margvísleg verkefni sem þjálfa þá hæfni.

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytni í kennsluháttum þar sem tekið er mið af mismunandi námsnálgun og stöðu nemenda. Unnið er jöfnum höndum með meginþætti tungumálsins; lestur, hlustun, talað mál og ritun. Í kennslustundum er unnið með lesbók og vinnubók sem tengist textanum. Auk þess lesa nemendur texta af ýmsum toga. Nemendur eru þjálfaðir reglulega í að hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu. Málfræði verður samþætt lestri og ritun og verður lögð áhersla á upprifjun helstu orðflokka og einkenni þeirra. Fjölbreytt ritunarverkefni fylgja lesbók.

Nemendur kynnast dönsku samfélagi, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda og tónlistar.

### Námsefni og námsmat

- SMIL, les- og vinnubók eftir Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur og Ernu Jessen.
- Fjölfölduð verkefni í málfræði.
- Þemaverkefni
- Munnlegar æfingar
- Hlustunaræfingar.
- Danskar kvikmyndir, þættir og tónlist.
- Námsspil og ýmsir leikir.
- Viðbótarefni frá kennara
- Verkefni, kannanir, ástundun og lykilhæfni

Lykilhæfni snertir allt almennt nám og allar námsgreinar þar á meðal námsmat í dönsku. Þannig geta t.d. vönduð vinnubrögð, góð samvinna í hópastarfi og frumkvæði haft áhrif á námsmat nemenda. Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni skiptast í fimm flokka:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

## Yfirferð

Tímabil	Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
23. aug – 1. okt	<p>Verkefni unnin úr SMIL(<b>Tøj og tilbehør</b>) ásamt hlustunaræfingum</p> <p>Munnlegar æfingar</p> <p>Ritun</p> <p>Danskir þættir frá DR og tónlist</p>	Ritun	<p>Ritun (2.stig): Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun hraða, eftirvæntingu o.s.frv.,</p>
4. okt – 21. okt.	<p>Danskir þættir frá DR og tónlist</p> <p>Munnlegar æfingar</p> <p>Verkefni unnin úr SMIL(<b>Tøj og tilbehør</b>) ásamt hlustunaræfingum</p> <p>Þemaverkefni</p>	<p>Kynningu</p> <p>Hlustun</p>	<p>Menningarlæsi (2.stig) Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu,</p> <p>Frásögn (2.stig) Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist námini og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra,</p> <p>Hlustun (2.stig) Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti,</p>
27. okt – 17. dec	<p>Verkefni unnin úr SMIL(<b>Jeg elsker Danmark</b>) ásamt hlustunaræfingum</p> <p>Lestarbók og ritun</p> <p>Danskir þættir frá DR og tónlist</p> <p>Dönsk biomynd</p>	<p>Munnlegt haustpróf</p> <p>Bókadómur</p>	<p>Frásögn (2.stig) sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum,</p> <p>Ritun (2.stig) sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt,</p> <p>Lesskilningur (2.stig) lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð</p>

			ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómsundur og ferðalög.
--	--	--	---

Auk þess vinnum við með fjölda hæfniviðmiða sem ekki eru metin daglega eða til einkunnar.  
Hæfniviðmið (2. Stig)

<p><b>Hlustun</b> <i>skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega,</i></p> <p>skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti, fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt,</p> <p>hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.</p>	<p><b>Lesskilningur</b> <i>lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,</i> skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra, fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu,</p> <p>lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómsundur og ferðalög.</p>
<p><b>Samskipti</b> <i>sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisivenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði,</i></p> <p>tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf,</p> <p>bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum,</p> <p>notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.</p>	<p><b>Frásögn</b> <i>tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval,</i></p> <p>sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum,</p> <p>greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.,</p> <p>flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</p>
<p><b>Ritun</b> <i>skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð</i></p>	<p><b>Menningarläsi</b> <i>sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu</i></p>

<p><i>tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki,</i></p> <p>skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmýnda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda, sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt,</p> <p>lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.,</p> <p>samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.</p>	<p><i>lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor,</i></p> <p>sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu,</p> <p>sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.</p>
<p><b>Námshæfni</b> <i>sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf,</i></p> <p>beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram,</p> <p>beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara,</p> <p>nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu,</p> <p>tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi,</p> <p>nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppfléttirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</p>	

Önnur markmið sem verða höfð til hliðsjónar í allan vetur þvert á námsefnið eru:

[Verkefnaskil](#)

- Ef nemandi sér ekki fram á að geta skilað verkefni á tilsettum tíma skal hann ræða við kennara sinn fyrir settan skiladag og greina frá ástæðum þess.
- Ef nemandi er ekki viðstaddur í námsmat án leyfis, fær hann D í einkunn fyrir það námsmat.
- Ef nemandi er með leyfi á námsmatsdegi, skal hann taka próf þegar hann snýr aftur úr leyfi, nema að um annað sé samið.

#### Mat á verkefnum og könnunum sem unnið er með yfir veturinn er leiðsagnarmat

- Vinnubækur.
- Framlag í hópvinnu – Veggmyndir, skýr og snyrtileg framsetning, hugmyndavinna, texti nokkuð rétt skrifaður, orðaforði og málfar gott.
- Kynningar – framsögn, málfar, framburður, orðaforði, glærur eða ritaðir punktar og virk þátttaka allra í hóp.
- Ritunarverkefni – uppbygging og samhengi í texta, orðaforði, málfræði og stafsetning.
- Kannanir/lesskilningspróf.
- Virkni í kennslustundum og í samskiptum á dönsku.

#### Námsmat

Nemendur fá einkunnina A-D eða lokið/ólókið fyrir verkefni sem unnin eru á haustönn. Nemendur vinna verkefni og taka skriflegt próf á önninni. Ásamt því er vinna þeirra metin jafnt og þétt. Í lok vetrar (á vorönn) fá nemendur eina einkunn sem er byggð á þessum þáttum auk námsmats vorannar. Verður sú einkunn gefin í bókstöfunum A-D samkvæmt aðalnámsskrá.

#### Símanotkun

Ekki er leyfilegt að nota síma í kennslustundum nema kennari taki annað fram.